



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 10. febrúar 2016

Fundarboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 34

Mættir:

Þorsteinn Steinsson (ÞS), bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar, formaður
Sturla Böðvarsson (SB), bærarstjóri Stykkishólmsbæjar, varaformaður
Kristinn Jónasson (KJ), bærarstjóri Snæfellsbæjar
Hilmar Hallvarðsson (HH), varaoddviti Helgafellssveitar
Theódóra Matthíasdóttir (TM), umhverfisfulltrúi Snæfellsness

Eggert Kjartansson (EK), oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps var forfallaður

Fundarstaður og tími: Ráðhús Stykkishólmsbæjar kl. 13:00

Dagskrá:

1. Benchmarking skýrsla
2. Yfirferð árangurs síðasta árs
3. Endurskoðuð Framkvæmdaáætlun
4. Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun
5. Tíu ára skýrsla og burðarpokar
6. Verkefni á döfinni
7. Samgönguáætlun Vesturlands 2016-2028, tilnefning tveggja fulltrúa
8. Kjör í stjórn Byggðasafns
9. Staða mála hvað varðar möguleika á aukinni samvinnu og einföldun á samstarfi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi
10. Þjónustusamningur Framkvæmdaráðs við Náttúrustofu Vesturlands
11. Önnur mál

Umfjöllun:

ÞS setur fund, TM ritar fundargerð.

1. Theó gerir grein fyrir *Benchmarking report* sem barst frá vottunarsamtökunum fyrir árið 2014. Samkvæmt henni standa sveitarfélögin sig vel gagnvart kröfum vottunarsamtakanna, hvað langflesta umhverfisvísa varðar. Vottunarsamtökin hvetja sveitarfélögin þó til úrbóta m.t.t. tveggja umhverfisvísa þar sem sveitarfélögin falla fyrir neðan grunnkröfur EarthCheck. Annars vegar er um að ræða fjölda umhverfisvottaðra ferðaþjónustuaðila á svæðinu og hins vegar útblástur nituroxíða á svæðinu.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi: Framkvæmdaráð Snæfellsness, sem í sitja bærar- og sveitarstjórar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi, hvetjur íbúa og fyrirtæki á svæðinu til þess að nýta sér þann slagkraft sem fyrir er á svæðinu hvað varðar umhverfismál og umhverfisevni. Dæmi eru um að fyrirtæki á svæðinu, þá einkum fyrirtæki sem starfa á sviði ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu, nýti



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 10. febrúar 2016

sér umhverfisvottun Snæfellsness í kynningarskyni. Það mætti þó gera enn meira að því. Auk þess eru fyrirtæki hvött til þess að skoða möguleika á sérstakri vottun á sinni starfsemi en í dag er aðeins eitt fyrirtæki á svæðinu, Hótel Hellnar, með umhverfsvottun á starfsemi sinni. Með því að taka höndum saman getur Snæfellsnes orðið einn af grænustu áfangastöðum á Íslandi til hags fyrir bæði umhverfi og samfélag. Það færir sífellt í aukana að ferðamenn leiti uppi vottaða áfangastaði, þjónustu og vöru, verum í fararbroddi hvað það varðar.

2. Farið var yfir þau verkefni sem voru á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2015 og metið hvað gera skyldi við útistandandi verkefni. Flest voru færð yfir á árið 2016, sum aftar í endurnýjaða framkvæmdaáætlun.
3. Endurskoðuð framkvæmdaáætlun fyrir 2016-2020 yfirfarin, kynnt og undirrituð.

Samþykkt að birta endurnýjaða framkvæmdaáætlun á heimasíðum sveitarfélaganna, senda hana á alla kjörna fulltrúa og þá sem sitja í umhverfis- og skipulagsnefndum. Einnig verður hún send á forstöðumenn stofnana og skipulags- og byggingafulltrúa.

4. Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun yfirfarin, uppfærð og undirrituð.
5. Lokaútgáfa tíu ára sýrslu sveitarfélaganna, *Skref í rétta átt*, kynnt.

Skýrslunni verður dreift á öll heimili á Snæfellsnesi, ásamt margnota burðarpokum.

6. TM gerir grein fyrir þeim verkefnum sem eru á döfinni á næstu misserum. Þau er að finna í lista ársins 2016 á framkvæmdaáætlun Snæfellsness. Verkefnin snúa að miklu leyti að því að undirbúa úttekt sem fer fram í lok febrúar, ganga frá gagnasöfnun fyrir árið 2015 og ársskýrslu 2015, endurskoðun á umhverfisvísnum og verkefni sem snýr að burðarplastpöklausu Snæfellsnesi. TM mun fara í fæðingarorlof í byrjun júlí og ekki snúa aftur til starfa sem umhverfisfulltrúi að orlofi loknu.
7. Að beiðni SSV voru tilnefndir voru tveir fulltrúa nefnd vegna Samgönguáætlunar Vesturlands 2016-2028, Kristinn Jónasson og Eyþór Garðarsson.
8. Í stjórn Byggðasamlags um byggðasafn situr einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Í stjórninni núna sitja þar Kristín Björg, Berglind Axels, Sólrún Guðjóns og Gísli G. en enginn fulltrúi er skráður frá Helgafellssveit. Samkvæmt reglum hefði átt að kjósa í nýja stjórn Byggðasamlags á aðalfundi Héraðsnefndar Snæfellinga árið 2015. Það hefur farist fyrir.

Lagt til að aðalfundur Héraðsnefndar 2016 fari fram um miðjan mars og þá verði kjörið í nýja stjórn Byggðasamlags um byggðasafn.

9. Farið yfir stöðu mála hvað varðar möguleika á aukinni samvinnu og einföldun á samstarfi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. ÞS hefur rætt við Atvinnuráðgjöf Vesturlands sem er tilbúin til þess að aðstoða við að finna leiðir til þess að einfalda þetta kerfi. Samykkt að ÞS óski eftir aðstoð SSV hvað þessi



EARTHCHECK

Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 10. febrúar 2016

mál varðar og að atvinnuráðgjöfin verði komin fram með grunntillögur inn á aðalfund Héraðsnefndar, sem stefnt er á að halda í mars.

10. Þjónustusamningur Framkvæmdaráðs við Náttúrustofu Vesturlands rennur út í lok mars. Samþykkt að framlengja núverandi samning fram til 1. júlí. Þangað til ræði SB og ÞS við Róbert A. Stefánsson, forstöðumann NSV og geri tillögur um framhaldið.
11. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 15:15